

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2017/EES/1/01		Dómur dómstólsins frá 16. desember 2015 í máli E-5/15 – Matja Kumba T. M'bye o.fl. gegn Stiftelsen Fossumkollektivet	1
2017/EES/1/02		Dómur dómstólsins frá 16. desember 2015 í máli E-13/15 – Abuelo Insua Juan Bautista gegn Liechtensteinische Invalidenversicherung	2
2017/EES/1/03		Dómur dómstólsins frá 16. desember 2015 í máli E-18/15 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	2
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/1/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8271 – Hitachi Chemical Company/FIAMM/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2017/EES/1/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8321 – Centerbridge/Alpha Bank/Kaicán) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2017/EES/1/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8340 – Riverstone/AMCI/Fitzroy) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2017/EES/1/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7930 – ABP Group/Fane Valley Group/Slaney Foods)	6
2017/EES/1/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8243 – Allianz/NN Group/The FIZZ Student Housing)	6
2017/EES/1/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8267 – Everis Initiatives/Bankia/Nettit Collaborative Payment)	7

2017/EES/1/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8280 – Deutsche Post DHL/UK Mail)	7
2017/EES/1/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8291 – PSA/Aramis)	8
2017/EES/1/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8299 – De Agostini Libri/Editorial Planeta/DeA Planeta Libri JV)	8

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/1/01

frá 16. desember 2015

í máli E-5/15

Matja Kumba T. M'bye o.fl.**gegn****Stiftelsen Fossumkollektivet**

(Tilskipun 2003/88/EB – Vinnutími – Öryggi og heilsuvernd starfsmanna – Skipulag vinnutíma – Hvildartími – Hámarksvinnutími á viku – Frávik frá lágmarkshvildartíma – Samþykki starfsmanna – Látinn gjalda fyrir)

Hinn 16. desember 2015 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-5/15 Matja Kumba T. M'bye o.fl. gegn Stiftelsen Fossumkollektivet – Beiðni *Eidsivating lagmannsrett* (áfrýjunardómstóls Eidsivating) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á 6. gr. og a- og b-lið 1. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen og Páll Hreinsson (framsögumaður), og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Vinnutími, sem nemur 84 klukkustunda meðalvinnustundafjöldi á viku á sambýli, samrýmist ákvæðum 6. gr. tilskipunar 2003/88/EB við aðstæðurnar, sem falla undir a-lið 1. mgr. 22. gr., að því tilskildu að starfsmaður hafi með skýrum, óþvinguðum og sjálfstæðum hætti samþykkt að inna slíka vinnu af hendi og að tekið sé tillit til meginreglna um öryggi og heilsuvernd starfsmanns. Þetta felur í sér að ef EES-ríki nýtir sér kostinn, sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar, verður í landslöggjöf að taka tilhlýðilegt tillit til líkamlegrar og andlegrar velferðar starfsmanna. Hins vegar samrýmist slík vinnutímatilhögun einungis 3. og 5. gr. tilskipunarinnar hafi skilyrðunum um beitingu undanþágunnar í 2. mgr. 17. gr., í tengslum við i. lið c-liðar 3. mgr. 17. gr., verið fullnægt.
2. Ákvæði í landslögum, sem kveður á um að ekki sé unnt að afnema þann rétt starfsmanns að hann þurfi að samþykkja að vinna meira en 60 klukkustundir á viku á sambýli, samrýmist 6. og 22. gr. tilskipunarinnar, að því tilskildu að tekið sé tillit til meginreglna um öryggi og heilsuvernd starfsmanna.
3. Ekki skal litið svo á að starfsmaður sé látinn gjalda fyrir með uppsögn og boði um endurráðningu með nýjum skilmálum, í kjölfar þess að hann samþykkir ekki að vinna meira en 48 klukkustundir á sjö daga tímabili, í skilningi b-liðar 1. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar, ef starfslokinn er vegna ástæðna sem eru alveg óháðar því að starfsmaðurinn samþykkir ekki að inna slíka viðbótarvinnu af hendi.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/1/02**

frá 16. desember 2015

í máli E-13/15

Abuelo Insua Juan Bautista**gegn****Liechtensteinische Invalidenversicherung**

(Um samræmingu almannatryggingakerfa – 2. mgr. 87. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 – Bindandi áhrif niðurstaðna stofnunar á dvalar- eða búsetustað um heilsufar – Réttur til að vefengja þessar niðurstöður – Meginreglan um jafna meðferð)

Hinn 16. desember 2015 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-13/15 Abuelo Insua Juan Bautista gegn Liechtensteinische Invalidenversicherung – Beiðni frá *Fürstliches Obergericht* (áfrýjunarrétti furstadæmisins) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-rikjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls varðandi túlkun á 2. mgr. 87. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Ákvæði 2. mgr. 87. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 meinar hvorki bótaþega né þeim sem gerir tilkall til bóta að vefengja niðurstöður stofnunar á dvalar- eða búsetustað, sem komist er að samkvæmt fyrrnefndu ákvæði, í stjórnsýslumeðferð frammi fyrir skuldarstofnun.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2017/EES/1/03**

frá 16. desember 2015

í máli E-18/15

Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi

(EES-/EFTA-riki vanefnir skuldbindingar sínar – Vanefndir á innleiðingu – Tilskipun 2010/65/ESB um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip)

Hinn 16. desember 2015 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-18/15 – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í lið 56l í V. kafla XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslenskan rétt, vanefnt skuldbindingar sínar skv. 14. gr. gerðarinnar og skv. 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í lið 56l í V. kafla XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslenskan rétt, vanefnt skuldbindingar sínar skv. 14. gr. gerðarinnar og skv. 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslandi er gert að greiða málskostnað.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8271 – Hitachi Chemical Company/FIAMM/JV)**

2017/EES/1/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. desember 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Hitachi Chemical Company Ltd. („HCC“), sem lýtur yfirláðum Hitachi Ltd., og ítalska fyrirtækið FIAMM S.p.A. („FIAMM“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir aðalviðskiptahluta fyrirtækisins FIAMM sem tengist framleiðslu og sölu sýrurafgeyma.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - HCC: framleiðsla á hagnýtum efnum, eins og rafeindaefnum, ólífrænum efnum, fjölliðum og prentplötuefnum ásamt framleiðslu á hátæknihlutum og -kerfum, eins og vörum fyrir bíla, búnað til orkugeymslu, rafeindaíhlutum og öðrum greiningarmiðlum og -tækjum.
 - THB: framleiðsla á íhlutum fyrir bíla, eins og flautum, loftnetum og ræsigeymum ásamt neyðargeymum til iðnaðarnota.
 - Sameiginlega félagið: tekur til aðalviðskiptahluta FIAMM sem tengist framleiðslu sýrurafgeyma fyrir bílaiðnaðinn og aðrar atvinnugreinar og mun lúta sameiginlegum yfirláðum HCC og FIAMM.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 485, 28.12.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8271 – Hitachi Chemical Company/FIAMM/JV, á eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8321 – Centerbridge/Alpha Bank/Kaicán)**

2017/EES/1/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. desember 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið Hellas Acquisition Luxco S.À.R.L. („Centerbridge“), sem lýtur yfirláðum bandaríska fyrirtækisins Centerbridge Partners, L.P. („Centerbridge Partners“), og gríska fyrirtækið Alpha Bank A.E. („Alpha Bank“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Kaican Services Limited („Kaican“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Centerbridge: undir stjórn hlutdeildarféлага Centerbridge Partners sem er fjárfestingafyrirtæki með skrifstofur í New York og London þar sem áhersla er einkum lögð á tækifæri á sviði framtaksfjárfestinga og fjárfestinga sem fela í sér mikla áhættu.
 - Alpha Bank: starfar á sviði fjármálaafurða og fjármálaþjónustu, smásölu-, fyrirtækja-, fjárfestinga- og einkabankaþjónustu, eignastýringar, dreifingar tryggingarvara, miðlunar og stjórnunar fasteigna í Grikklandi, Kýpur, Rúmeníu, Serbíu, Albaníu og Bretlandi.
 - Kaican: starfar á sviði samræmingar skuldastjórnunarþjónustu, þ.m.t. innheimtuþjónusta fyrir veðlán og neytendalán í vanskilum, þjónusta upplýsingastjórnunarkerfa, og endurkröfu. Aðalstarfsemi Kaican felur í sér að samræma ráðgjafþjónustu í Grikklandi fyrir hönd tveggja írskra verðbréfafyrirtækja sem annast starfsemi með eignasöfn vanskilalána í Grikklandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið ESB (C 2, 5.1.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8321 – Centerbridge/Alpha Bank/Kaicán og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8340 – Riverstone/AMCI/Fitzroy)

2017/EES/1/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. desember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Riverstone Investment Group LLC („Riverstone“) og AMCI worldwide holdings („AMCI“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Fitzroy QLD Resources Limited („Fitzroy“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Riverstone: framtakssjóður með áherslu á fjárfestingar innan orkugeiranna.
 - AMCI: einkafyrirtæki innan náttúruauðlinda með starfsemi innan orku- og málmiðnaðarins ásamt fjárfestingum í kola- og steinefnageiranum, mál- og flutningageiranum.
 - Fitzroy: framleiðandi kokskola til sjóflutninga um allan heim. Öll starfsemi og fyrirtæki Fitzroy eru í Ástralíu. Fitzroy er, sem stendur, alfarið í eigu AMCI.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 2, 5.1.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8340 – Riverstone/AMCI/Fitzroy og eftirfarandi póstarsíttun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/1/07**
(mál M.7930 – ABP Group/Fane Valley Group/Slaney Foods)

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. október 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7930. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/1/08**
(mál M.8243 – Allianz/NN Group/The FIZZ Student Housing)

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8243. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8267 – Everis Initiatives/Bankia/Nettit Collaborative Payment)**

2017/EES/1/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á spænsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8267. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8280 – Deutsche Post DHL/UK Mail)**

2017/EES/1/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8280. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8291 – PSA/Aramis)

2017/EES/1/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8291. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8299 – De Agostini Libri/Editorial Planeta/DeA Planeta Libri JV)

2017/EES/1/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. desember 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ítölsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8299. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.